- b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 2. og 5. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 74. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- c. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 6. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 38. gr., 3. mgr. 41. gr., 56. gr., 3. mgr. 57. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 62. gr., 5. mgr. 64. gr., 69. gr., tvívegis í 1. mgr. 72. gr., 3. mgr. 77. gr. og 3. mgr. 85. gr. laganna kemur: ráðherra.
- d. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 2. mgr. 74. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- e. Í stað orðsins „samgönguráðuneytinu“ í 2. mgr. 77. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

208. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í h-lið 1. mgr. 1. gr. a laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCIX. KAFLI

Breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

209. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. málsl. 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. málsl. 4. mgr. og 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCX. KAFLI

Breyting á lögum um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, nr. 45/1990.

210. gr.

- a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXI. KAFLI

Breyting á lögum um Slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991.

211. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXII. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

212. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 2. málsl. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.

CCXIII. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

213. gr.

- a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 16. og 18. gr. laganna kemur: Ráðherra.
- c. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 16. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXIV. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, með síðari breytingum.

214. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXV. KAFLI

Breyting á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

215. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2.–4. mgr. 3. gr., 3. mgr. 3. gr. a, 4. gr., 1. tölul. 1. mgr. 5. gr., 6. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXVI. KAFLI

Breyting á lögum um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 14/1996.

216. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CCXVII. KAFLI

Breyting á lögum um köfun, nr. 31/1996.

217. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

218. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.

CCXIX. KAFLI

Breyting á lögum um sjóvarnir, nr. 28/1997.

219. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytis“ í 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXX. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

220. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXI. KAFLI

Breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

221. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 21. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.

CCXXII. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

222. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. mgr. 73. gr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: ráðherra.
- c. Í stað orðsins „Samgönguráðuneytið“ í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: Ráðuneytið.

CCXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

223. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

224. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 6. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXV. KAFLI

Breyting á lögum um vítamál, nr. 132/1999.

225. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.

CCXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

226. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 6. gr., 8. gr. og 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

227. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 3. gr., 4. og 6. mgr. 5. gr., 1. og 3. mgr. 14. gr., 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.
- c. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000.

228. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 39. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, með síðari breytingum.

229. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. gr., 1. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CCXXX. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.

230. gr.

- a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 13. tölul. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
- c. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 4. mgr. 7. gr., 13. gr. og 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 134/2001.

231. gr.

- a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 4. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 8. gr., 3. mgr. 9. gr. og 13. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum.

232. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 6. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um pósthjónustu, nr. 19/2002, með síðari breytingum.

233. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 4. mgr. 6. gr., 3. mgr. 12. gr., 2. mgr. 18. gr., 5. mgr. 27. gr., 3. mgr. 28. gr., 29. gr., 2. mgr. 33. gr., 34. gr., 35. gr. og 54. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 146/2002.

234. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

235. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í j-lið 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, með síðari breytingum.

236. gr.

- a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 16. gr., 24. gr., 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 32. gr. laganna kemur: ráðherra.
- c. Í stað orðsins „samgönguráðuneyti“ í 3. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCXXXVII. KAFLI

Breyting á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

237. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 6. gr., 3. mgr. 18. gr., 3. mgr. 24. gr., 1. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, með síðari breytingum.

238. gr.

- a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., 5. tölul. 1. mgr. 3. gr., 10. mgr. 5. gr., 1. og 6. mgr. 13. gr., 12. mgr. 14. gr. og 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

239. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3., 6. og 7. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 11. gr., 2. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 3. mgr. 18. gr., 3. mgr. 20. gr., 3. og 7. mgr. 22. gr., 1. og 2. mgr. 23. gr., 5. mgr. 32. gr., 3. mgr. 34. gr., 2. mgr. 35. gr., 4. mgr. 38. gr., 59. gr., 1. mgr. 63. gr., 3. mgr. 66. gr., 67. gr., 5. mgr. 68. gr., 70. gr., 1. og 2. mgr. 72. gr. og 75. gr. laganna kemur: ráðherra.
- c. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í a-lið 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXL. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, með síðari breytingum.

240. gr.

- a. Orðin „undir yfirstjórn samgönguráðherra“ í 5. mgr. 4. gr. laganna falla brott.
- b. Orðið „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

CCXLI. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum.

241. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 3. gr., tvívegis í 4. gr., 3. mgr. 7. gr., 5. mgr. 8. gr., 3. mgr. 10. gr., 2. mgr. 23. gr. og 24. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLII. KAFLI

Breyting á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, með síðari breytingum.

242. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 5. mgr. 4. gr., 6. mgr. 5. gr., 1. mgr. 10. gr., 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLIII. KAFLI

**Breyting á lögum um oliugjald og kílómetragjald,
nr. 87/2004, með síðari breytingum.**

243. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24/2005.

244. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 15. gr. og 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLV. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005.

245. gr.

- a. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.
- b. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- c. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006.

246. gr.

- a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 5. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
- c. Í stað orðsins „samgönguráðuneytis“ í 10. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXLVII. KAFLI

**Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og
flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, nr. 102/2006.**

247. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 3. gr., 1. og 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLVIII. KAFLI

**Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga,
nr. 150/2006, með síðari breytingum.**

248. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: innanríkisráðherra.

CCXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

249. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCL. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, nr. 176/2006.

250. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCLI. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum.

251. gr.

- a. Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 3. mgr. 7. gr. a, d-lið 4. mgr. 8. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: ráðherra.
- c. Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins“ í 17. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLII. KAFLI

Breyting á lögum um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007.

252. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CCLIII. KAFLI

Breyting á vegalögum, nr. 80/2007.

253. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLIV. KAFLI

Breyting á lögum um samgönguáætlun, nr. 33/2008, með síðari breytingum.

254. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í c-lið 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
- c. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 6. mgr. 2. gr., 1. mgr. og tvívegis í 5. mgr. 3. gr. og tvívegis í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
- d. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 3. mgr. 3. gr. og tvívegis í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCLV. KAFLI

Breyting á lögum um Landeyjahöfn, nr. 66/2008.

255. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 1.–3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLVI. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl., nr. 76/2008.

256. gr.

- a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 6. gr., 1. og 3. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLVII. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008.

257. gr.

- a. 3. máls. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Auk þess tilnefnir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa.
- b. Orðin „að höfðu samráði við samgönguráðherra“ í 1. mgr. 34. gr. laganna falla brott.

CCLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, nr. 153/2009.

258. gr.

Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCLIX. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir, nr. 97/2010.

259. gr.

- a. Í stað orðanna „Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
- b. Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. og 1. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLX. KAFLI

Gildistaka.

260. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum, nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum, samþykkti Alþingi sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í nýtt velferðarráðuneyti og sameiningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis í nýtt innanríkisráðuneyti. Frumvarp þetta er bein afleiðing af framangreindum lögum.

Frumvarp þetta er samið í forsætisráðuneytinu með aðstoð skjaladeildar nefndasviðs Alþingis. Við vinnslu frumvarpsins var það sent til þeirra fagráðuneyta sem frumvarpið snertir, þ.e. félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Þá var einnig leitað álits nefndasviðs Alþingis á þeirri hugmyndafræði sem frumvarpið byggist á.

Í frumvarpinu er farin sú leið að tilgreina viðkomandi fagráðherra einu sinni í hverjum lögum en vísa svo til ráðherra. Ef vísað er til annarra ráðherra í viðkomandi lögum er fagheiti þeirra notað. Þannig á ekki að verða misskilningur þótt sá ráðherra sem fer með yfirstjórn viðkomandi málefns sé einungis tilgreindur einu sinni með fagheiti.

Mjög mismunandi er hversu oft vísað er til þess fagráðherra sem fer með yfirstjórn viðkomandi málefnasviðs í lögum. Í sumum tilvikum er vísað margofter innan sömu greinar eða málsgreinar í fagheiti hans. Í öðrum tilvikum má sjá að ráðuneyti hafa í frumvarpsgerð sinni markað sér fyrrgreinda stefnu um að tilgreina fagheiti ráðherra einu sinni en vísa svo til hans sem ráðherra.

Við vinnslu frumvarpsins var eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- a. Ef skilgreiningar- eða yfirstjórnunarákvæði er í lögnum er fagheiti ráðherra eða ráðuneytis tilgreint þar en annars staðar vísað til ráðherra eða ráðuneytis. Ef fagheiti ráðherra er tilgreint í slíku ákvæði er alls staðar vísað til ráðuneytis en ekki fagráðuneytis, hvar sem það kemur fyrst fyrir í lögnum. Dæmi um þetta er í lögum, nr. 44/1998, um húsnæðismál, sbr. 19. gr. frumvarpsins.
- b. Ef fagheiti ráðuneytis kemur fyrir í lögnum áður en fagheiti ráðherra er tilgreint og ekki er skilgreiningar- eða yfirstjórnunarákvæði í lögnum, er nafni ráðuneytis breytt í hið nýja fagheiti. Sem dæmi má nefna lög, nr. 53/1972, um orlof húsmæðra, þar sem einungis ráðuneytið er nefnt, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og lög nr. 30/1987, um orlof, þar sem fagráðuneyti er nefnt á undan ráðherra, sbr. 4. gr. frumvarpsins.
- c. Ef ekki er um skilgreiningar- eða yfirstjórnunarákvæði að ræða og ráðherra er tilgreindur á undan ráðuneyti í lögnum er fagheiti viðkomandi ráðherra látið halda sér þar sem það kemur fyrst fram í lögnum. Annars staðar er þá vísað til ráðherra og ráðuneytis.
- d. Ef um er að ræða löggjöf á málefnasviði annars ráðherra er ávallt vísað til annarra ráðherra eða ráðuneyta með fagheiti, sbr. t.d. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í tvo þætti og skiptist hvor þáttur í tvo hluta sem síðan greinast í kafla. Í I. þætti frumvarpsins er að finna breytingar er varða nýtt velferðarráðuneyti. Fyrsti hluti þess þáttar hefur að geyma löggjöf sem heyrir til málefnasviðs félags- og tryggingamálaráðherra en í öðrum hluta þáttarins er fjallað um löggjöf á málefnasviði heilbrigðisráðherra. Í II. þætti frumvarpsins er að finna breytingar er varða nýtt innanríkisráðuneyti. Fyrsti hluti þess þáttar hefur að geyma löggjöf sem tilheyrir málefnasviði dómsmála- og mannréttindaráðherra en í öðrum hluta þess er fjallað um löggjöf á málefnasviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Frumvarpið er svo kaflaskipt eftir þeim lögum sem breyta á. Er þessi skipting gerð til að auka á skýrleika frumvarpsins og auðvelda yfirferð þess. Í einhverjum tilvikum er sömu lögum breytt í tveimur greinum frumvarpsins. Helgast það af því að mismunandi ráðherrar eru tilgreindir í lögnum. Verður því að lesa þær greinar samhliða. Alla jafna eru þær greinar frumvarpsins skýrðar sérstaklega. Rétt er að taka fram að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miðast við núgildandi lög en ekki frumvörp til breytinga á sömu lögum sem kunna að vera í meðferð Alþingis.

Í frumvarpinu felast ekki efnislegar breytingar á málefnasviðum viðkomandi ráðherra og breyta ekki þeim hlutverkum sem ráðherrum eru falin í þeim lögum sem með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á. Í einstaka tilvikum er þó þörf á að breyta orðalagi þar sem málefnasviði hefur fram til þessa verið skipt milli þeirra ráðuneyta sem nú sameinast, sbr. t.d. 21. gr. frumvarpsins. Eins hefur þurft að breyta ákvæðum þar sem viðkomandi fagráðherrar hafa átt hvorn sinn fulltrúa í nefndum sem skipaðar eru á grundvelli laga, sbr. t.d. 21.

gr. frumvarpsins, eða kveðið er á um samráð við ráðherra yfir málefnasviði sem fellur undir sameinað ráðuneyti.

Greinar frumvarpsins þarfnast almennt ekki skýringa enda er ekki ætlunin að breyta ákvæðum viðkomandi laga efnislega. Þó er rétt að gera grein fyrir einstaka greinum sérstaklega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 9. gr.

Greinin felur í sér breytingar á ákvæðum laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Fyrirhugað er að málefni fatlaðs fólks flytjist frá ríki til sveitarfélaga nú um áramótin. Í þessari grein er ekki tekið tillit til þeirra breytinga sem kunna að verða gerðar á lögnum vegna þessarar tilfærslu verkefna, sbr. þskj. 298 – 256. mál, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Við meðferð frumvarpsins verður að taka sérstakt tillit til þessa.

Um 19. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á þessum lögum, sbr. þskj. 107 – 100. mál. Við yfirferð frumvarpsins er rétt að taka tillit til þeirra breytinga sem það frumvarp kveður á um hafi það áhrif á 19. gr. þessa frumvarps.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Í þessum lögum er dæmi um málaflokk sem hefur verið skipt milli tveggja ráðherra. Fram til þessa hafa öldrunarmál verið undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðherra en heilbrigðisþjónusta við aldræða undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Verður því að gera efnisbreytingar á texta laganna til samræmis við fyrirhugaða sameiningu ráðuneytanna í velferðarráðuneyti.

Um 22., 32. og 40. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, og lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, nr. 40/2009. Í tilvitnuðum lögum er að finna sambærileg ákvæði er heimila félags- og tryggingamálaráðherra að breyta greiðslufjárhæðum til hlutaðeigandi, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, sbr. 7. mgr. 13. gr. laga, nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 3. mgr. 33. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og 8. mgr. 10. gr. laga nr. 40/2009, um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar. Rétt er að ítreka að þótt fagheiti ráðherra sé hér tekið úr ákvæðunum er ekki ætlunin að breyta efnislegri merkingu þeirra enda eru aðrir ráðherra tilgreindir með fagheiti sínu.

Um 24. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Breytingarnar miðast við núgildandi lög. Fyrir þinginu liggur aftur á móti frumvarp félags- og tryggingamálaráðherra um breytingar á lögnum, sbr. þskj. 57 – 56. mál. Í gildistökuákvæði þess frumvarps segir að lögin skuli þegar öðlast gildi, sbr. 52. gr. frumvarpsins. Ekki er hægt að vita með vissu hvort þinglegri meðferð þess frumvarps lýkur og er því rétt að þær breytingar sem þetta frumvarp kveður á um taki mið af gildandi lögum. Við meðferð frumvarps til

breytinga á barnaverndarlögum verður því að taka sérstakt tillit til nýs heiti þess ráðherra og ráðuneytis sem fer með málefnasvið barnaverndar.

Um 33. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingu á lögum, nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Í 6. gr. laganna er kveðið á um skipan sjö manna svæðisbundinna vinnumarkaðsráða. Samkvæmt greininni skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefna einn fulltrúa. Ekki er gert ráð fyrir að félagsamálaráðherra tilnefni fulltrúa. Með frumvarpinu er ákvæðinu breytt á þann hátt að einn fulltrúi verði skipaður án tilnefningar. Þá mun velferðarráðherra skipa formann og varaformann vinnumarkaðsráðs en nú er það hlutverk félagsamálaráðherra.

Um 37. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 100/2007, um almannatryggingar. Samkvæmt núgildandi lögum fer félags- og tryggingamálaráðherra með lífeyristryggingar og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins en heilbrigðisráðherra með slysa- og sjúkratryggingar. Með greininni eru gerðar orðalagsbreytingar þar sem velferðarráðherra mun frá 1. janúar fara með yfirstjórn allra þessara málaflokka. Í b-lið greinarinnar eru gerðar breytingar á 70. gr. laganna af sömu ástæðum.

Um 39. gr.

Með greininni eru gerðar breytingar á skipun samráðsnefndar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Samkvæmt núgildandi lögum skal heilbrigðisráðuneyti tilnefna einn fulltrúa og félags- og tryggingamálaráðherra skipa einn fulltrúa án tilnefningar sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Í greininni er lagt til að velferðarráðherra skipi nú tvo fulltrúa í nefndina án tilnefningar og að annar þeirra skuli gegna formennsku.

Um 56. gr.

Í greininni er mælt fyrir breytingum á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en samkvæmt ábendingu heilbrigðisráðuneytisins er lagt til að í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. mgr. 2. gr. laganna komi: ráðherra.

Um 75. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð. Breytingarnar miðast við núgildandi lög. Fyrir þinginu liggur aftur á móti frumvarp heilbrigðisráðherra um brottfall þeirra laga, sbr. þskj. 207 – 190. mál. Í gildistökuákvæði þess frumvarps segir að lögin skuli öðlast gildi 1. janúar 2011, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Ekki er hægt að vita með vissu hvort þinglegri meðferð þess frumvarps lýkur og er því rétt að þær breytingar sem þetta frumvarp kveður á um taki mið af gildandi lögum.

Um 78. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum nr. 41/2007, um landlækni. Breytingarnar miðast við núgildandi lög. Fyrir þinginu liggur aftur á móti frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingar á lögnum, sbr. þskj. 207 – 190. mál. Í gildistökuákvæði þess frumvarps segir að lögin skuli öðlast 1. janúar 2011, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Ekki er hægt að vita með vissu hvort þinglegri meðferð þess frumvarps lýkur og er því rétt að þær breytingar sem þetta

frumvarp kveður á um taki mið af gildandi lögum. Við meðferð frumvarps til breytinga á lögum um landlækni verður því að taka sérstakt tillit til nýs heiti ráðherra og ráðuneytis.

Um 88. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Fyrir Alþingi liggur frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra um breytingar á þeim lögum, sbr. þskj. 103 – 97. mál. Rétt er að taka tillit til þess hafi það áhrif á þær breytingar sem frumvarp þetta kveður á um.

Um 98. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á lögum um landsdóm, nr. 3/1963. Fyrir Alþingi liggur frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra um breytingar á þeim lögum, sbr. þskj. 278 – 247. mál. Rétt er að taka tillit til þess hafi það áhrif á þær breytingar sem frumvarp þetta kveður á um.

Um 123. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Fyrir Alþingi liggur frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra um breytingar á þeim lögum, sbr. þskj. 116 – 108. mál. Rétt er að taka tillit til þess hafi það áhrif á þær breytingar sem frumvarp þetta kveður á um.

Um 146. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingar á lögræðislögum, nr. 71/1997. Lögin heyra undir dómsmála- og mannréttindaráðherra. Til að auka skýrleika þykir þó rétt að vísa til fagheitis ráðuneytis þar sem heilbrigðisráðherra hefur einnig hlutverki að gegna samkvæmt lögnum.

Um 151. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum um dómstóla, nr. 15/1998. Fyrir Alþingi liggur frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra um breytingar á þeim lögum, sbr. þskj. 277 – 246. mál. Rétt er að taka tillit til þess hafi það áhrif á þær breytingar sem frumvarp þetta kveður á um.

Um 152. og 222. gr.

Með greinunum eru lagðar til breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998. Samkvæmt lögnum er það samgönguráðuneytið sem fer með málefni sveitarfélaga. Í 222. gr. frumvarpsins er kveðið á um nafnbreytingu fagráðuneytis í innanríkisráðuneyti og er því ekki um efnisbreytingu að ræða. Í 152. gr. frumvarpsins er lagt til að 2. mgr. 93. gr. laganna falli brott. Í því ákvæði laganna er kveðið á um að ef sveitarfélög sem eru í umdæmi tveggja eða fleiri sýslumanna skuli samgönguráðuneytið leita umsagnar dómsmálaráðuneytisins áður en ákvörðun um sameiningu er tekin. Ljóst er að eftir 1. janúar hefur ákvæðið takmarkaða efnislega þýðingu enda um sama ráðuneyti að ræða. Er því lagt til að ákvæðið falli brott.

Um 153. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 78. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998. Um er að ræða ákvæði í lögum sem felur m.a. í sér skyldu ráðherra að leita samráðs dómsmálaráðherra. Eftir

1. janúar 2011 verður um sama ráðherra að ræða og því eðlilegt að gera breytingar á þessu ákvæði laganna.

Um 168. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingu á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001. Lagt er til að vísað sé til ráðherra í stað innanríkisráðherra þar sem lögin heyra nú undir innanríkisráðherra, sbr. 229. gr. frumvarpsins. Þar er einnig mælt fyrir um breytingu á sömu lögum en framkvæmd laganna heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Um 177. og 240. gr.

Í greinunum er mælt fyrir um breytingar á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Lögin heyra undir umhverfisráðherra. Í 1. mgr. 6. gr. laganna eru umhverfisráðherra veittar heimildir til reglugerðarsetningar að höfðu samráði við aðra fagráðherra. Í greininni er m.a. vísað til dómsmálaráðherra og samgönguráðherra. Breytingarnar sem lagðar eru til í þessum tveimur greinum fela í sér að í stað þessara ráðherra komi innanríkisráðherra.

Um 178. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Í 1. mgr. 6. gr. laganna má finna ákveðið yfirstjórnunarákvæði sem kveður á um að dómsmálaráðuneytið gefi út framangreind blöð. Í frumvarpsgreininni er því lagt til að einungis verði vísað í því ákvæði til fagheitis ráðuneytis og ekki verði vísað í fagheiti ráðherra.

Um 191. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á varnarmálalögum, nr. 34/2008. Í b-lið greinarinnar er lagt til að í stað þess að dómsmála- og mannréttindaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti tilnefni einn fulltrúa hvort í verkefnastjórn, sem ber ábyrgð á daglegum rekstri Varnarmálastofnunar og verkefnum samkvæmt lögum, tilnefni innanríkisráðuneytið tvo fulltrúa.

Um 193. og 257. gr.

Með greinunum eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 82/2008, um almannavarnir. Með breytingunum er gert ráð fyrir að fagheiti innanríkisráðherra verði tilgreint í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna en um er að ræða eins konar yfirstjórnunarákvæði. Í c-lið greinarinnar eru sameinaðir 2. og 3. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna þar sem tilgreindir eru fulltrúar sem tilheyra málefnasviðum dómsmálaráðherra og samgönguráðherra. Lagt er til að í stað þessara töluliða komi einn töluliður sem tilgreini sömu fulltrúa sem munu vera á málefnasviði innanríkisráðherra. Í síðari greininni eru tekin út tilnefningar- og samráðsákvæði er varða samgönguráðherra.

Um 239. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingar á sömu lögum, sbr. þskj. 149 – 136. mál. Rétt er að áréttast að í þessu frumvarpi er miðað við gildandi lög en ekki framangreint breytingafrumvarp.

Um 247. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands. Er um orðalagsbreytingar að ræða í samræmi við sameiningu ráðuneyta 1. janúar 2011. Rétt þykir, þar sem fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu skv. 2. gr. laganna, að taka af allan vafa að þegar vísað er til ráðherra í lögnum er átt við innanríkisráðherra.

Um 256. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um breytingar á lögum, nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða. Til skýrleika er rétt, þar sem fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu og framkvæmd laganna, að frátöldu hlutverki utanríkisráðherra, að taka af allan vafa að þegar vísað er til ráðherra í lögnum er átt við innanríkisráðherra.

Um 259. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingar á lögum, nr. 97/2010, um stofnun hlutafélaga um vegaf framkvæmdir. Í 4. mgr. 1. gr. laganna er fjármálaráðherra falið að fara með hlut ríkisins í félaginu. Rétt þykir að taka sérstaklega fram að þegar vísað er til ráðherra í lögnum er átt við innanríkisráðherra.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna laga nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á heitum ráðherra og ráðuneyta í ýmsum lögum til samræmis við lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, sem mæla fyrir um stofnun innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis en brottfall dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.